



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2005

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir [janúarmánuð](#) liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörin nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstökum liðum.

Samkvæmt uppgjörinu var breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 2,7 milljarða króna í mánuðinum, sem er 4,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en í janúar í fyrra. Útkoman er því sem næst í samræmi við áætlanir. Tekjur reyndust um 6,4 milljörðum hærra en í fyrra en gjöldin hækka um 0,6 milljarða. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu 1,3 milljörðum króna óhagstæðari. Hreinn lánsfjárföfnuður var jákvæður um 5,9 milljarða króna en var neikvæður um 2,2 milljarða í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist einkum af hærri innheimtum afborgunum og jákvæðari tekjuöfnuði heldur en í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 29,9 milljörðum króna og hækkuðu um 6,4 milljarða króna frá fyrra ári eða um 27%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 28,4 milljörðum króna sem er 28,8% hækkan frá síðasta ári eða um 23,8% meiri innheimta að raungildi. Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 16,3 milljörðum króna og hækkaði um 33,5% frá árinu á undan. Munar þar mestu um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en í janúar nam hún 8,8 milljörðum króna sem er 54,3% aukning frá sama tímabili árið á undan. Innheimta tryggingagjalda hækkaði einnig frá fyrra ári eða um 35,4%. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 14,6% frá sama tíma í fyrra eða um 10,2% að raungildi. Þar af vegur aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst eða 11,9%. Innheimta vörugjalda af ókutækjum jókst einnig mikið eða um 90,9% sem endurspeglar hliðstæða aukningu í innflutningi bifreiða, en í janúarmánuði fjölgaði nýskráningum bifreiða um 88,3% frá sama tíma í fyrra. Innheimta þungaskatts jókst jafnframt um 26,2%.

Greidd gjöld janúarmánaðar eru 25,3 milljarðar króna og hækka um 0,6 milljarða frá fyrra ári, eða um 2,4%. Aukningin kemur nær alfarið fram í vaxtagreiðslum sem hækka um 1,3 milljarða. Á móti vegur lækkun greiðslna til almennatrygginga um 1,2 milljarða og til landbúnaðarmála um 0,7 milljarða króna. Hér er um tilfærslu milli mánaða að ræða.

Lántökur námu 11,6 milljörðum króna og runnu til að fjármagna 9 milljarða afborgun langtímaláns og 2,6 milljarða forinnlaus spariskírteina. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 3,4 milljarða króna. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 0,3 milljarða í janúar 2005.

## Stefna nýrrar framkvæmdastjórnar ESB á sviði ríkisaðstoðar


Í 61. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið kemur fram sú meginregla að óheimilt er að veita ríkisaðstoð sem er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, eða framleiðslu ákveðinna vara, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur undanfarin ár gefið út leiðbeinandi reglur um form- og efnisreglur í tengslum við ríkisaðstoð, þar sem m.a. kemur fram í hvaða tilvikum heimilt sé að veita ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur jafnóðum tekið þessar reglur upp og aðlagð þær að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nýverið gerði nýr yfirmaður samkeppnis- og ríkisstýrjamaða hjá framkvæmdastjórninni, Neelie Kroes, grein fyrir helstu áhersluatriðum framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar fyrir árin 2005 til 2009. Miða áformin að því að draga úr heildarfjárhæð ríkisaðstoðar og gera veitingu ríkisaðstoðar markvissari, m.a. í samræmi við markmið s.k. Lissabonferlis. Á tímabilinu verður sjónum sérstaklega beint að því að auka möguleika á ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna ásamt ríkisaðstoð til litilla og meðalstórra fyrirtækja, samhliða því að einfalda alla stjórnissýslu við meðhöndlun tilkynninga um veitta ríkisaðstoð frá aðildarríkjunum. Á móti kemur að dregið verður úr hvers konar heimildum til að veita stærri

fyrirtækjum ríkisaðstoð sem kleg er til að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ennfremur hefur framkvæmdastjórnin nú til endurskoðunar þær reglur sem gilda um byggðaðstoð. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar verða samþykkt ný byggðakort fyrir hvert aðildarríkjanna, en þar er tilgreint á hvaða landsvæðum heimilt er að veita byggðaðstoð sem og hversu mikla aðstoð veita má (sem hlutfall af fjárfestingu eða, í undantekningartilfellum, sem rekstrar-aðstoð). Þess ber að geta að nágildandi byggðakort fyrir Ísland rennur út í lok árs 2006 og fylgjast íslensk stjórnvöld náið með endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á reglunum um byggðaðstoð.

## Aðhald í opinberum fjármálum eykst mest á Íslandi

Samkvæmt áætlunum OECD mun aðhald í opinberum fjármálum aukast mest á Íslandi af OECD ríkjum frá 2003 til 2005. Hagsveifluleiðrétt afkoma hins opinbera er mælikvarði á það hvort fjármálastjórn hins opinbera er aðhaldsöm eða aðhaldslaus. Leiðrétt er fyrir tekjur og útgjöld hins opinbera sem hljótast af hagvexti sem er meiri eða minni en það sem samræmist jafnvægi í efnahagslífinu. Eftir stendur hagsveifluleiðrétt afkoma sem gefur betri mynd af aðgerðum stjórnvalda á sviði opinberra fjármála og áhrifum þeirra á efnahagslífið.

### Breyting á hagsveifluleiðréttari afkomu hins opinbera frá 2003 til 2005\*



Heimild: OECD Economic Outlook, desember 2004 \*) áætlun

Áætlað er að hagsveifluleiðrétt afkoma árið 2005 verði jákvæð um 0,7% af landsframleiðslu í stað neikvæðrar afkomu árið 2003 um 0,8%. Eins og myndin sýnir verður afkomubatin, rúmlega 1,5% af landsframleiðslu, mestur hér á landi þessi ár. Með öðrum orðum, opinber fjármál hér á landi eru hvað aðhaldsömust í OECD ríkjunum um þessar mundir. Þessi árangur er í samræmi við langtíamarkmið stjórnvalda um að draga úr vexti samneyslnunnar og minnka opinbera fjárfestingu þegar stóriðjuframkvæmdir standa hvað hæst.

Til samanburðar er gert ráð fyrir að hagsveifluleiðrétt afkoma í mörgum OECD ríkjum verði áfram neikvæð og versni jafnvel á milli ára. Því er spáð að tekjuhalli í Bandaríkjunum verði neikvæður í ár um 4% af landsframleiðslu líkt og árin tvö á undan. Svipaða sögu er að segja af opinberum fjármálum í Bretlandi. Í Belgíu verður hagsveifluleiðrétt afkoma neikvæð um 0,2% á árinu 2005 í stað jákvæðrar afkomu um 1,1% árið 2003 og versnar því einna mest í aðildarríkjum OECD á þessu tímabili eða um 1,3% af landsframleiðslu.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
	2003-2004	2004-2005
12 mánaða breytingar, %		
Skatttekjur alls	20,9	28,8
Skattar á tekjur og hagnað	8,7	33,5
Tryggingagjöld	42,6	35,4
Eignarskattar	4,1	104,8
Veltuskattar	43,2	14,6
Tekjur alls	22,6	27,0

Gjöld ríkissjóðs janúar		
	2003-2004	2004-2005
12 mánaða breytingar, %		
Almenn mál	46,1	8,9
Félagsmál	36,2	-1,6
Atvinnumál	49,2	-19,8
Vaxtagjöld	-45,8	140,9
Önnur útgjöld	-27,7	1,7
Gjöld alls	27,0	2,4

Afkoma ríkissjóðs janúar		
	2004	2005
M.kr.		
Handbært fé frá rekstri	-1.795	2.655
Hr. lánsfjárföfnuður	-1.591	5.874
Afborgun lána	-17	-11.135
Br. lánsfjárföfnuður	-2.233	-5.261
Lántökur	7.674	5.563
Greiðsluafkoma	5.442	302

Ýmsar hagtölur		
	2004	2005
12 mánaða breytingar, %		
Verðbólga - mars	1,8	4,7
Kjarnaverðb.1- mars	2,3	4,7
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt.03-04	0,4	9,7
Smá.velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0